

Erindisbréf fyrir heimastjórn Arnarfjarðar (fyrrum Bíldudalshrepps)

1. gr.

Markmið

Stjórnskipulag sveitarfélagsins byggir á skilvirkri stjórnsýslu, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og viðauka I um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Valdmörk heimastjórna miðast við sveitarfélagamörk Patrekshrepps, Bíldudalshrepps, Barðastrandarhrepps og Rauðasandshrepps 10. júní 1994 og Tálknafjarðarhrepps 18. maí 2024.

2. gr.

Um hlutverk heimastjórnar

Heimastjórn Arnarfjarðar (fyrrum Bíldudalshrepps) er ein fjögurra heimastjórna Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fara með afmörkuð málefni og málaflokka á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimastjórn Arnarfjarðar (fyrrum Bíldudalshrepps) annast þau störf sem bæjarstjórn felur henni og snýr að viðkomandi byggðahluta. Heimastjórn getur ályktað til bæjarstjórnar um hvert það málefni sem hún telur að varði byggðahlutann og vísað málum til umfjöllunar fagnefnda. Heimastjórnir skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan byggðahlutans og gera tillögur til bæjarstjórnar sem varða verksvið sitt. Þá getur heimastjórn gert tillögur um samræmingu á þjónustubáttum á starfssvæði sínu. Heimastjórnir hafa vald til fullnaðarafgreiðslu tiltekinnna mála, sbr. viðauka I við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Þóknanir fyrir setu í heimastjórn eru ákvarðaðar í samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, samþykkt sveitarfélagsins um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum og fjárhagsáætlunum hvers árs.

3. gr.

Helstu verkefni heimastjórnar

- Heimastjórn veitir umsögn um fjárhagsáætlun áður en hún er tekin til umræðu í bæjarstjórn,
- afgreiðir tiltekin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, án staðfestingar bæjarstjórnar,
- fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013,
- gerir tillögur að umferðarhraða og öðrum öryggisráðstöfunum í umferðaröryggisáætlun,
- afgreiðir tilteknar umsagnir og önnur verkefni sem varða bæjarstjórn samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, m.a. veita umsagnir í samræmi við 10. og 17. gr. laganna,

- veitir umsagnir um menningarverkefni, þar sem það á við,
- veitir bæjarráði umsögn um rekstrarfyrirkomulag félagsheimila og tjaldsvæða og starfsemi þeirra samkvæmt nánari ákvörðun og eftir því sem við á,
- er vettvangur samráðs á milli sveitarfélagsins og íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs,
- er virkur þáttakandi í stefnumörkun sveitarfélagsins fyrir byggðahlutann,
- vinnur tillögur til bæjarstjórnar vegna vinnu við stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda í byggðum og byggðalögum fjarri stærstu byggðakjörnum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur heimastjórn á hverjum tíma.

4. gr.

Um skipan heimastjórnar og málsmeðferð

Heimastjórn skal skipuð þremur fulltrúum.

Bæjarstjórn kýs einn bæjarfulltrúa sem aðalman og annan til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga og 36. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Til viðbótar við þá eru kjörnir tveir fulltrúar og tveir til vara með beinni kosningu í atkvæðagreiðslu meðal íbúa heimastjórnarsvæðis í samræmi við 36. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og reglur um heimastjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Ákvæði 44. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar á ekki við þar sem meiri hluti fulltrúa í heimastjórn er kjörinn af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn kýs formann úr hópi kosinna aðalmanna í heimastjórn. Formaður heimastjórnar leggur fram tillögu um fundartíma á fyrsta fundi heimastjórnar eftir formannskjör. Formaður boðar til funda með rafrænum hætti ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund samkvæmt III. kafla samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Geti heimastjórnarfulltrúi ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni heimastjórnar um forföll og boða varamann í sinn stað. Heimastjórn má ráða sér starfsmann og skal hann vera úr hópi starfsmanna sveitarfélagsins.

Formaður heimastjórnar stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Heimilt er að taka mál til meðferðar í heimastjórn þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, að fengnu samþykki allra fundarmanna.

Fundir heimastjórnar skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram skrifleg ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í heimastjórn er almennt heimilt að nota fjarfundabúnað í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Til að sækja fjarfund er skilyrði að fulltrúi sé staddur innan sveitarfélagsins eða í erindisgjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins og sé í fullnægjandi aðstöðu til að sækja fundinn.

Málsmeðferð heimastjórnar skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, siðareglur fyrir kjörna fulltrúa sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og góðar stjórnsýsluvenjur.

Um fundarskóp á fundum heimastjórnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021 og auglýsingar um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna nr. 1182/2021.

6. gr.

Valdheimildir

Heimastjórn hefur vald til fullnaðarafgreiðslu eftirfarandi mála, sbr. viðauka I við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Heimastjórn afgreiðir eftir umfjöllun skipulags- og framkvæmdaráðs eftirtalin verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. afgreiðslu umsókna um framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga,
2. ákvörðun um að unnin sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi með vísan til 38. gr. skipulagslaga,
3. samþykkt og kynningu skipulagslýsingar samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga,
4. ákvörðun um að auglýsa deiliskipulagstillögu,
5. heimastjórn tekur afstöðu til framkominna athugasemda við tillöguna og tillögur umhverfis- og framkvæmdaráðs um afgreiðslu og hvort gera þurfi breytingar á deiliskipulagstillögunni. Heimastjórn afgreiðir greinargerð með rökstuðningi við endanlega afgreiðslu,
6. hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir við afgreiðslu heimastjórnar á deiliskipulagstillögu, skal heimastjórn fjalla um málið og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum, eða gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess að heimastjórn fallist ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar,
7. ákvörðun um samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
8. ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga vegna umsókna um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag, en deiliskipulag liggur ekki fyrir, ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar,
9. ákvörðun um heiti á götum, vegum og torgum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Heimastjórn afgreiðir eftirtalin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 án staðfestingar bæjarstjórnar:

1. veitir umsögn um umhverfismat áætlana skv. III. kafla laganna,
2. veitir umsögn um umhverfismat framkvæmda skv. IV. kafla laganna.

Jafnframt afgreiða heimastjórnir eftirfarandi án staðfestingar bæjarstjórnar:

1. Heimastjórn afgreiðir tiltekna umsagnir og önnur verkefni sem varða bæjarstjórn samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald ef um er að ræða varanlegan rekstur. Heimastjórnir skulu í því sambandi m.a. veita umsagnir skv. 10. gr. laganna.

7. gr.

Þagnarskylda

Fulltrúi í heimastjórn skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og/eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum heimastjórna. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar nr. 410/2024 og tekur þegar gildi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar dags. 19.06.2024